

Númer: 55/2018

Dreifibréfi til fjármálafyrirtækja

Reykjavík, 9. nóvember 2018

Tilvísun: 2017010338

**Efni: Drög að viðmiðum og aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum.**


Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 8/2018. Umræðuskjalið inniheldur drög að uppfærðum viðmiðum og aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum. Með þessu dreifibréfi gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin. Skjölin eru einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is).

Um er að ræða 4. útgáfu viðmiða og aðferða Fjármálaeftirlitsins vegna SREP. Í ferlinu mun verða miðað við áramótastöðu á fjárhagsupplýsingum frá fjármálafyrirtækjum, nema til verulegrar hækkunar eða lækkunar á þeim komi á meðan ferlið stendur yfir. Í skjalinu er fjallað um breytingar með tilliti til stoðar II – G en samkvæmt þeim verður meðal annars fjallað um áhrif aðgerða stjórnenda á stoðina. Í viðauka 1 er fjallað um nýja aðferðafræði vegna geirasambjöppunar og nýja aðferðafræði vegna útlánavaxtar, auk þess sem gerðar eru þær breytingar á vanmati staðalaðferðar að þar verður ekki fjallað um fasteignalán. Að lokum er í viðauka 2 fjallað um uppfærslu á hlutabréfum og skuldabréfum í veltubók ásamt aðferðafræði við mat á áhrifum á viðskiptavakt. Þá er gert ráð fyrir að vinna að breytingum m.t.t. fastvaxtaáhættu í SREP ferlinu með fjármálafyrirtækjum.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eftirlitinu eigi síðar en 3. desember nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. skýringar á forsiðu meðfylgjandi umræðuskjals nr. 8/2018.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Finnur Sveinbjörnsson



Elmar Ásbjörnsson